

REGLUGERÐ

um gjald af umboðspóknun í gjaldeyrisviðskiptum.

1. gr.

Lánastofnanir og aðrir aðilar sem versla með erlendan gjaldeyri skulu frá og með 1. janúar 1993 greiða ríkissjóði 45% af þóknun þeirri er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur, hverju nafni sem nefnast, fyrir þjónustu þá sem hér um ræðir.

2. gr.

Frá og með 1. janúar 1994 skal gjald skv. 1. gr. vera 30% og frá og með 1. janúar 1995 og til og með 31. desember 1995 skal gjaldið vera 15%.

3. gr.

Seðlabanki Íslands hefur eftirlit með því að gjaldskyldir aðilar skv. 1. gr. inni gjaldið af hendi svo sem mælt er fyrir um í reglugerð þessari.

4. gr.

Gjaldskyldir aðilar skv. 1. gr. skulu mánaðarlega gera skil á gjaldi skv. 1. gr. til Seðlabanka Íslands, sem gerir skil á innheimtu gjaldi til ríkissjóðs. Greiðslu skal fylgja skilagrein þar sem fram kemur nafn gjaldanda og kenntala, fjárhæð gjaldstofns og fjárhæð gjalds.

Greiðslutímabil gjalds skv. 1. gr. er almanaksmánuður. Gjaldldagi gjaldsins er 15. hvers mánaðar vegna viðskipta næstliðins mánaðar.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 73. gr. laga nr. 111/1992, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. janúar 1993.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1992.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Bragi Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um frjálssa skráningu vegna fólksflutninga á milli landa.

1. gr.

Aðili sem í atvinnuskyni hefur með höndum fólksflutninga milli landa getur sótt um frjálssa skráningu til skattstjóra. Heimild til skráningar samkvæmt reglugerð þessari nær til flugfélaga og skipafélaga í reglulegum ferðum á milli landa.